

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Hjálparstarf kirkjunnar nr. 327 12. janúar 1999.

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 12. janúar 1999:

10. gr. hljóði svo:

Yfirstjórn Hjálparstarfs kirkjunnar er í höndum fulltrúaráðs, sem þannig er skipað:

- a) Fimm menn skipaðir af kirkjuráði til tveggja ára, þannig að tvö sæti séu laus þegar ártal stendur á oddatölu og þrjú sæti, þegar ártal stendur á jafnri tölu. Tveir varamenn eru skipaðir með sama hætti og ganga þeir úr fulltrúaráðinu sitt árið hvor, en í fyrsta skipti er annar þeirra skipaður til eins árs.
- b) Hvert prófastsdæmi landsins kys einn mann í fulltrúaráð og annan til vara. Skulu þeir kjörnir á héraðsfundum til tveggja ára í senn.
- c) Mælt er til að hver sókn kjósi einn mann í fulltrúaráð og annan til vara. Skulu þeir kjörnir á aðalsafnaðarfundum til tveggja ára í senn. Í prestaköllum þar sem búa færri en 2000 manns geta sóknir prestakallsins sameinast um einn fulltrúa.
- d) Ekki má endurskipa eða kjósa menn í fulltrúaráð oftar en svo að samfelld seta þeirra í fulltrúaráði verði lengri en sex ár.

14. gr. hljóði svo:

Reikningsárið er frá 1. júlí til 30. júní og skulu reikningar endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og kjörnum skoðunarmönnum, lagðir fram á aðalfundi til umræðna og úrskurðar.

16. gr. hljóði svo:

Héraðskjörnir fulltrúaráðsmenn skulu leggja fram skýrslu á héraðsfundum um starfsemi Hjálparstarfs kirkjunnar, og annast það sem varðar viðkomandi prófastsdæmi sérstaklega. Kjörnir fulltrúar skulu ásamt sóknarprestum, vera tengiliðir safnaða og Hjálparstarfs kirkjunnar. Þeir skulu skipuleggja og stjórna aðgerðum í sínum sóknum eða prestaköllum, eftir því sem þörf krefur.

2. mgr. 18. gr. hljóði svo:

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á aðalfundi stofnunarinnar 30. júní 1989. Breytingar voru gerðar á aðalfundi 25. apríl 1992, aðalfundi 31. október 1998 og aðalfundi 25. október 2003.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Hjálparstarf kirkjunnar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. mars 2004.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.